

# LANDSMÓT ÆSKÞ Í VESTMANNAEYJUM 2015

## SKÝRSLA LANDSMÓTSSTJÓRA

Fljótlega eftir að Landsmóti sem haldið var á Hvammstanga í október 2015 lauk hófst undirbúningur að mótinu í Vestmannaeyjum og undirritaður fenginn til að sinna starfi landsmótsstjóra. Undirritaður samþykkti með ánægju að gegna því starfi í annað sinn en mótið var síðast haldið í Vestmannaeyjum árið 2009.

### Landsmótsnefnd ÆSKÞ 2015 var þannig skipuð:

Gísli Stefánsson	Landsmótsstjóri
Sr. Eva Björk Valdimarsdóttir	Hópastarf og karnival
Sr. Sigurvín Jónsson	Formaður ÆSKÞ
Rakel Brynjólfssdóttir	Framkvæmdastjóri ÆSKÞ
Guðmundur Karl Einarsson	Gjaldkeri ÆSKÞ, umsjón með skráningu
Svava Ósk Daniëlsdóttir	Upplýsingaborð og sjoppa
Katrín Helga Ágústsdóttir	Umsjón sjálfbodaliða
Sigurður Óskar Óskarsson	Kvöldvökur og almennur undirbúningur
Kristján Ágúst Kjartanson	Umsjón vakta
Vaughan Staples	Almennur undirbúningur
Eliás Bjarnason	Hljómsveit og tæknimál

### Undirbúningur Landsmótsstjóra og fundir í Vestmannaeyjum

Strax eftir að Landsmót á Hvammstanga og eftir að ákveðið hafði verið að Landsmót 2015 yrði haldið í Vestmannaeyjum hófst vinna í Landakirkju í Vestmannaeyjum við undirbúning. Landsmótsstjóri hafði sambandi við bæjarráð Vestmannaeyja og fékk leyfi til að nýta húsnæði bæjarins undir mótið, svo sem grunnskóla og tónlistarskóla sem og að góður afsláttur var veittur af kostnaði við sundaðstöðu. Einnig hafði Landsmótsstjóri sambandi við rekstraraðila Hallarinnar og Háaloftsins og óskaði eftir tilboði í aðstöðu þar undir matmálstíma og annað mótshald.

Um miðjan apríl komu fulltrúar ÆSKÞ til Vestmannaeyja til að líta á aðstæður. Farið var í skólana til þess að sjá fyrir gistiþláss og í Höllina til að skoða tæknibúnað og aðstöðu fyrir matmálstíma. Einnig fóru viðræður við veisluþjónustu Einsa Kalda af stað en Einsa sá um matinn á mótinu. Fyrirhugaður fundur með framkvæmastjóra hjá Vestmannaeyjabæ færðist á annan dag svo ekki varð úr að fulltrúar ÆSKÞ sætu hann en Landsmótsstjóri tók það að sér að vera tengiliður. Fulltrúar ÆSKÞ og Landsmótsstjóri áttu síðar fund með rekstraraðila Hallarinnar þar sem skipulag sem og kaup og kjör voru rædd.

Í ágústbyrjun komu fulltrúar ÆSKÞ öðru sinni til Eyja til þess að líta á aðstæður. Aftur var farið í skólana og gistiþláss skipulagt frekar og að því loknu héldu fulltrúar ÆSKÞ fund með rekstraraðila Viking Tours sem komu svo síðar til með að annast flutninga á þátttakendum frá Herjólfu í gisti aðstöðu í upphafi mótis og svo til baka að móti loku.

## Helgihald

Sr. Sigurvin Jónsson formaður ÆSKÞ og Eva Björk Valdimarsdóttir önnuðust undirbúning helgihalds mótsins. Margrét Ólöf Magnúsdóttir og Sr.Óskar Ingi Ingason önnuðust helgistund á föstudagskvöldið og Sr. Bryndís Valbjarnardóttir, Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir og Hjalti Jón Sverrisson á laugardagskvöldið. Sr. Guðmundur Örn Jónsson sóknarprestur í Landakirkju leiddi lokamessuna en fékk sér til fulltingis Landsmótsstjórn og fulltrúa frá ÆSKÞ.

## Tónlist

Sem fyrr var tónlist í höndum hljómsveitarinnar Sálmara en meðlimir sveitarinnar hafa borið uppi tónlistina á Landsmóti undanfarin ár. Í ár jafnt sem undanfarin ár sömdu þau og fluttu mótslag sem í þetta sinn hét „Æðruleysi“ og var textinn að mestu byggður á æðruleysisbæninni.

## Fræðsla

Yfirskrift fræðslunnar á landsmóti var Geðveikt Landsmót! en fræðslan fjallaði um geðheilbrigði barna og unglinga og hvað landsmótsgestir gætu lagt að mörkum til þess að rjúfa félagslega einangrun íslenskra barna í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar. Sr. Sigurvin Jónsson stýrði fræðslunni og talaði almennt um geðheilbrigði og geðsjúkdóma, Thelma Gunnarsdóttir skólasálfræðingur í Vestmannaeyjum kom með gott innlegg og Marta Ferrer talaði um reynslu sína af geðsjúkdómi á mjög áhrifamikinn hátt.

## Matur

Allur matur á mótinu var í höndum veisluþjónustu Einsa Kalda og fóru allar meginmáltíðir fram í Höllinni. Sá veisluþjónustan um allan matarundirbúning, framreiðslu, frágang og uppvask og var gerður góður rómur að matseld þeirra og jákvæðu og glaðlegu viðmóti.

## Tæknimál

Tæknimál mótsins voru í höndum Guðmundar Karls Einarssonar gjaldkera og tæknigúrus, Hrannars Kristjánssonar hljóðmanns og Harðar Þórs Harðarsonar hljóðmanns Hallarinnar.

## Rútur og ferja

Hópfærðir Inga sáu um að koma þátttakendum til og frá mótsstað líkt og fyrri ár. Rútuferðir gengu stóráfallalaust fyrir sig og er það vel en leiðinda suðvestan átt og undiralda olli þátttakendum og leiðtogum miklum ónotum í Herjólfvík á leiðinni til Eyja frá Þorlákshöfn. Sjóveiki var mikil og þrálát og tók marga töluverðan tíma að jafna sig eftir átökin. Heimleiðin var öllu skárri en þá var hægt að sigla til Landeyjahafnar og veður var skárri til siglinga.

## Upplýsingar fyrir mót og skráning

Sendar voru út upplýsingar í tölvupósti reglulega. Einnig voru allar upplýsingar vel aðgengilegar inni á heimasíðu sambandsins og leiðtogum beint þangað. Skráning á mótið fór fram í gegnum rafrænt skráningarkerfi líkt og áður. Innskráning hópa á mótið fór einnig fram rafrænt í kjölfar mótssetningar.

## Sjálfbóðaliðahópur

Sjálfbóðaliðahópurinn taldi 14 manns að þessu sinni og starfaði við landsmót í samstarfi við landsmótsnefnd. Þetta eru unglingar sem eru gjarnan í leiðtogaþjálfun, hafa lokið grunnskóla en hafa ekki

enn náð lögráða aldri og geta því ekki tekið ábyrgð. Þessum góða hóp er því fært það verkefni að sinna ýmsum mikilvægum verkum til að létta á Landsmótsnefnd. Meðlimir sjálfboðaliðahópsins leggja mikla vinnu á sig við uppröðun fyrir og eftir mótið sem og óteljandi störf á meðan á mótinu stendur. Hópurinn er því nauðsynlegur móti af þeirri stærðargráðu sem Landsmót ÆSKÞ er í dag.

## Söfnun á landsmóti og Hjálparstarf kirkjunnar

Á landsmóti var í raun ekki safnað peningum heldur Pollum og Hemmum! Allur ágóði af sjoppu og karnivali á landsmótinu rann í Pollasjóð og Hemmasjóð Hjálparstarfsins. Pollasjóður hefur það markmið að styrkja börn til tónlistarnáms og er kenndur við hina litríku hljómsveit Pollapönk. Hemmasjóður styrkir börn efnalítilla fjölskyldna og veitir þeim tækifæri til að iðka íþróttir með vinum sínum og félögum, knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson lagði til stofnfé í sjóðinn.

ÆSKÞ afhenti Hjálparstarfi kirkjunnar kr. 500.000 í Polla- og Hemmasjóð að loknu móti.

## Styrkir

Kirkjumálasjóður styrkti mótið um kr. 1.000.000. Héraðssjóður Suðurprófastsdæmis styrkti mótið um kr. 500.000 og Kvenfélag Landakirkju um kr. 100.000. Vinnslustöð Vestmannaeyja færði svo mótinu fisk til matar en ávinningur af þeim styrk var metinn kr. 300.000 á móts við matarkostnað. Er þessum aðilum færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn.

## Dagskrá mótsins

Umgiörð mótsins var með svipuðu sniði og verið hefur nema hvað að biskupar landsins sáu sér ekki fært að mæta sökum Kirkjuþings. Sr. Sigurvin Jónsson stjórnarformaður ÆSKÞ flutti ávarp og setti mótið á föstudag en Sr. Eva Björk Jónsdóttir nefndarkona sleit mótinu að lokinni fararblessun. *Sundlaugarparty* á föstudeginum heppnaðist vel og á sama tíma var *hvíslbornið* í Landakirkju undir stjórn Sr. Sigríðar Rúnar Tryggvadóttur og *spilasamkoma* í safnaðarheimili Landakirkju fyrir þá sem það vildu.

*Hæfileikakeppnin* fór fram með svipuðum hætti og á fyrra ári og tókst ágætlega til að mati landsmótsnefndar. Engin undankeppni heldur bara ein keppni sem haldin var eftir Karnivalið á laugardeginum. Einnig gátu félögin greitt atkvæði og haft 50% vægi á móti dómnefnd og var það vel.

*Hópastarf* gekk að mestu leiti vel og dreiddust þátttakendur vel á þá fjölmörgu hópa sem í boði voru. Boðið var upp á tæplega 30 hópa. Bæði hópar þar sem leiðtogar og prestar sáu sem unnu við karnivalið og eins hópar sem fóru vítt og breytt um Heimaey.

*Karnivalið* heppnaðist afar vel og var dagskráin þar fjölbreytt og skemmtileg. Fjölmargir bæjarbúar létu ekki sitt eftir liggja komu og gerðu sér glaðan dag, keyptu veitingar og handgerða muni. Þátttaka bæjarbúa var með mesta móti sem sést hefur á karnivali á Landsmóti.

*Tónlist* var í styrkum höndum hljómsveitarinnar Sálmara en hefur samstarfið við þau blómstrað með hverju árinu. Til marks um það hefur Elías Bjarnason meðlimur hljómsveitarinnar verið kallaður inn í mótsnefnd.

Það eina sem undirritaður telur að hafa haft slæm áhrif á dagskrána var að ekki hafi verið hægt að sigla frá Landaeyjahöfn á föstudegi mótsins en það olli því að innskráning á mótsstað sem og skráning í hópastarf á laugardegi urðu að tveimur dagskrárliðum hvor um sig í staðinn fyrir að einum eins gert hafði verið ráð fyrir. Var það sökum þess að langur tími leið milli þess landsbyggðarhópurinn og hópurinn frá höfðuborgarsvæðinu komu til Vestmannaeyja en Herjólfar sigldi frá Þorlákshöfn á föstudag.

**Mótið í tölum:**

Þátttakendur og leiðtogar á landsmóti : 653

Sjálfbóðaliðahópur: 14

Sálmari: 9

Landsmótsnefnd: 10

Tæknimenn: 3

Hönnun á veggspjaldi f.mót og Karnival (Guðrún Þóra Gunnarsdóttir): 1

Starfsfólk í eldhúsi: 7

Umsjónarmenn hópa (utanaðkomandi/ekki leiðtogar): 9

Prestar í Vestmannaeyjum: 1

Fræðsla: 3

Húsverðir skóla og félagsheimilis: 2

Starfsfólk íþróttahúss: 6

**Samtals:** 718

*Þá er ótalíð ótalmargt fólk sem með einum eða öðrum hatti hjálpaði okkur að gera landsmót að veruleika, smiðir, bílstjórar og fleiri.*

**Lokaorð**

Landsmót ÆSKÞ 2015 í Vestmannaeyjum gekk vel. Öll þau vandamál sem upp komu og mögulegt var að leysa voru leyst á viðeigandi og faglegan hátt. Vandamál eins og erfið sjóferð voru vel leyst af þeim leiðtogum æskulýðsfélaga sem hjálp gátu veitt sem og starfsfólki Herjólfss sem gekk í öll verk af krafti og óskeikulleika. Landsmótsstjóri og aðrir sem að mótinu koma kunna starfsfólki Herjólfss og skiptstjóranum Guðlaugi Ólafssyni bestu þakkir fyrir liðlegheitin en allt var gert sem mögulegt var til að gera ferðirnar sem þægilegastar fyrir krakkana sem og að beðið var með það fram í lengstu lög með að taka ákvarðanir um hvort siglt yrði í Bakkafjöru eða Þorlákshöfn. Því miður leyfði veður ekki siglingar í Landeyjahöfn á föstudeginum.

Kann ég leiðtogum og sjálfbóðaliðum félagana sem komu til Vestmannaeyja bestu þakkir fyrir þeirra óeigingjörnu vinnu á frábæru Landsmóti. Það er mín von að innan fárra ára getum við hisst aftur í Vestmannaeyjum á Landsmóti ÆSKÞ.

Um leið og ég þakka leiðtogum fyrir vil ég lýsa óánægju minni með þá ákvörðun ráðandi aðila í kirkjunni okkar að velji helgina sem Landsmót ÆSKÞ er haldið undir kirkjuþing. Landsmót ÆSKÞ er fjölmennasti einstaki viðburður kirkjunnar og því edlilegt að sem flestir sem halda utan um stjórnartaumana geti tekið þátt í mótinu eða a.m.k. fylgst með á hliðarlínunni. Ég vil minna ráðamenn á hverjir það eru sem koma til með að verja kirkjunar okkar í framtíðinni en það er unga fólk sem hana sækir og sækir þetta mót.

Með ósk um að ráðamenn Þjóðkirkjunnar gefi unga fólkinu tíma sinn á næsta ári og að undirbúningur fyrir næsta Landsmót gangi sem allra best.

Gísli Stefánsson

Æskulýðsfulltrúi Landakirkju og Landsmótsstjóri ÆSKÞ 2015